



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1305

FUNDARBOÐ

**1305. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
14. janúar 2020 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1911046 - Slökkviliðsstjóri - ráðning

Tillaga um ráðningu slökkviliðsstjóra fyrir slökkvilið Akranes og Hvalfjarðarsveit.

2. 1905404 - Langtímaveikindi starfsmanna 2019 - ráðstöfun fjármuna (veikindapottur)

Bæjarráð samþykkti á fundum sínum þann 12. og 19. desember sl. úthlutun úr veikindapotti vegna kostnaðar stofnana Akraneskaupstaðar við afleysingar sem tilkomin er vegna veikindaforfalla starfsmanna á árinu 2019. Bæjarráð vísar viðauka 18 og 20 til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn Akraness.

3. 1912262 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2019

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 19. desember sl. viðauka nr. 19 vegna launa við fjárhagsáætlun 2019 og vísar honum til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn Akraness.

4. 1904196 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 19. desember sl. viðauka númer 21 við fjárhagsáætlun ársins 2019 og vísar honum til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn Akraness. Viðaukinn hefur ekki áhrif á ætlaða rekstrarniðurstöðu ársins.

5. 1912177 - Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

Samkvæmt breytingum á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skal í hverju sveitarfélagi starfa formlegur samráðsvettvangur sem nefnist Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Í samráðshópnum skulu sitja þrjú fulltrúar kosnir að bæjarstjórn.

Hagsmunasamtök fatlaðs fólks hafa tilnefnt eftirfarandi aðila: Proskahjálpi hefur tilnefnt Borghildi Birgisdóttur, Öryrkjabandalagið hefur tilnefnt Böðvar Guðmundsson og Sjálfbjörg hefur tilnefnt Sólveigu Sigurðardóttur.

Velferðar- og mannréttindaráð tók málið fyrir á fundi sínum 18. desember 2019 og vill mæla með því við bæjarstjórn að tilnefna Kristínu Þóru Jóhannsdóttur, Sylvíu Kristinsdóttur og Halldór Jónsson sem fulltrúa bæjarstjórnar í samráðshópnum.

6. 1910179 - Fjöliðjan

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að staðsetning Fjöliðjunnar verði áfram á Dalbraut 10.

Ástæður þess eru m.a. eftirfarandi: Almenn ánægja stjórnenda og starfsmanna Fjöliðju með þá staðsetningu sbr. þarfagreining sem lögð hefur verið fram. Minni óvissa um tímasetningar þ.e. hvenær hægt sé að fara úr þeirri bráðabirgðaaðstöðu þar sem starfsemi Fjöliðjunnar er í dag. Starfsemi Fjöliðju hentar ekki á jarðhæð í íbúðarhúsnæði m.a. vegna hávaða og starfsemi á lóð. Ef óbreytt staðsetning verður samþykkt er ljóst að horfa þarf til stækkunar núverandi lóðar vegna hugmynda um stækkun húss og þá starfsemi sem nauðsynleg er innan lóðar.

7. 1904108 - Vogar/Flæðilækur - Vogar 17, sameina lóðir.

Óskað hefur verið eftir að sameina lóðirnar Vogar 17 og Vogar/ Flæðilækur. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að lóð við Voga 17 og lóð við Voga/Flæðilæk verði sameinaðar skv. meðfylgjandi gögnum.

8. 1912264 - Þjóðbraut 3 - samningur um uppbyggingu

Bæjarráð Akraness samþykkti á fundi sínum þann 19. desember 2019 samning um uppbyggingu vegna Þjóðbrautar 3 og vísar samningunum til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn Akraness.

9. 1910187 - Asparskógar 8 - Skipulagsbreyting - Umsókn um byggingarleyfi

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 28. október sl. að nýtingarhlutfall (A- og B- rýma) á lóðinni við Asparskóga 8 verði 0,48 í stað 0,46 skv. deiliskipulagi. Aukið nýtingarhlutfall vegna gerð svalaganga (B-rýma umfram það sem gert var ráð fyrir í deiliskipulagi). Byggingin er innan byggingarreits og ákvæða um hámarkshæð. Breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Akraneskaupstaðar og umsækjanda og telst því óverulegt frávik frá deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

10. 1906112 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. - breyting á skipulagsmörkum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagða greinargerð sviðsstjóra dags. 27. desember 2019 sem svar við framkominni athugasemd þar sem því er mótmælt að fella eigi úr gildi deiliskipulag fyrir síðari hluta 2. áfanga Skógarhverfis.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á skipulagsmörkum verði samþykkt sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að breyting á aðalskipulagi sama svæðis hefur verið staðfest.

11. 1905357 - Deiliskipulag Skógarhverfi 4.áf.

Lagt fram deiliskipulag að þéttri byggð fjölbýlishúsa milli Þjóðbrautar og Asparskóga. Deiliskipulagið var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 31. október til og með 15. desember 2019. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

12. 1908199 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3B

Um er að ræða þriggja hektara skólalóð við Asparskóga. Gert er ráð fyrir ýmsum stofnunum s.s. leikskóla, grunnskóla og íþróttahúsi. Deiliskipulagið var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010, frá 31. október til og með 15. desember 2019. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt, sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku þess birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fundargerðir til kynningar

13. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

- 3396. fundargerð bæjarráðs frá 12. desember 2019.
- 3397. fundargerð bæjarráðs frá 19. desember 2019.
- 3398. fundargerð bæjarráðs frá 19. desember 2019.

14. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfisráð

- 137. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs 9. desember 2019.
- 138. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 16. desember 2019.
- 139. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 30. desember 2019.

15. 1901007 - Fundargerðir 2019 - skóla- og frístundaráð

- 119. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 17. desember 2019.

16. 1901006 - Fundargerðir 2019 - Velferðar- og mannréttindaráð

- 117. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 18. desember 2019.

17. 2001003 - Fundargerðir 2020 - velferðar- og mannréttindaráð

- 118. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 8. janúar 2020.

18. 1901010 - Fundargerðir 2019 - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

- 105. fundargerð stjórnar Höfða frá 2. desember 2019.

19. 1901021 - Fundargerðir 2019 - Orkuveita Reykjavíkur

- 282. fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 25. nóvember 2019.

20. 1901018 - Fundargerðir 2019 - Samband íslenskra sveitarfélaga

- 877. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. desember 2019.

Sævar Freyr Þránínsson, bæjarstjóri.